DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2611 Síðan 1968 54. árgangur

Miðvikudagur 18. ágúst 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Útsýnið er mikið og fagurt úr þeirri götu þar sem mest er byggt í Reykholti þessa dagana.

Mikið byggt í Reykholti

Það er óhætt að segja að mikill uppgangur sé í Reykholti í Bláskógabyggð þessi misserin. Í fyrra átti sér stað mikil uppbygging í garðyrkjunni, en á þessu ári á sér stað mikil uppbygging á íbúðarhúsnæði. Sveitarfélagið opnaði m.a. götu, fyrir stuttu, sem heitir Brekkuholt og er þar búið að úthluta öllum lóðum nema einni. Í samtali við Dagskrána sagði Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, að um 30 íbúðir séu í byggingu eða styttist í að byggingaframkvæmdir hefjist í Reykholti. „Það er mikil ásókn í lóðir hjá okkur, við erum þessa dagana að hanna nýtt hverfi sem við áætlum að opna fyrri hluta næsta árs. Það eru einstaklingar, fyrirtæki og verktakar sem hafa áhuga á lóðum hjá okkur. Með aukningu í atvinnuuppbyggingu, eins og hefur átt sér stað, eykst þörfin og eftirspurnin eftir íbúðarhúsnæði í Reykholti.“

Nýir rekstraraðilar að Litlu kaffistofunni

Fyrr í sumar var tilkynnt um að rekstur á Litlu kaffistofunni yrði hætt eftir áratuga þjónustu við vegfarendur, en hún var stofnsett þann 4. júní 1960. Rekstraraðilar sem taka við keflinu eru ekki óþekktir í veitingageiranum en það er fjölskylda Hlöðvers Sigurðssonar, stofnanda Hlöllabáta sem tekur við rekstrinum. Samkvæmt upplýsingum blaðsins verður reksturinn með svipuðu móti og verið hefur, en fjölskyldan ætlar þó að fríska ögn upp á hann. Stutt er í opnun en beðið er eftir starfsleyfi.

Munum eftir endurskinsmerkjum og ljósum

Farið er að skyggja á kvöldin og lögreglan á Suðurlandi hvetur vegfarendur að huga að öryggisbúnaði sínum. Gangandi og hjólandi vegfarendur hugi að endurskinsmerkjum og ljósabúnaði. Þá sé um að gera að huga að notkun á viðeigandi öryggisbúnaði þegar farið er um á rafskútum og hafa ljósin kveikt.

Sólin lækkar á lofti

Þegar hausta fer lækkar sólin á lofti og getur blindað ökumenn. Það ætti því að haga akstri í samræmi við það. Þá er gott að nýta tímann nú og yfirfara ljósabúnað bifreiða og sjá til þess að hann sé í lagi. Vert er að hafa í huga að nú styttist í að skólar fari að hefja starfsemi sína og því fylgir að ungir vegfarendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í umferðinni fara á stjá. Sérstaka varúð ætti að hafa í kringum og við grunnskóla þar sem von er á börnum á leið til skóla. *-gpp*

2 Breytingar á dreifingu Dagskrárinnar

8 Keppnin um Pétursbikarinn fór fram í afbragðsveðri

13 Gönguleiðin að Grænahrygg stikuð

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar

DAGNÝJAR ERLENDSDÓTTUR
Leikskólakennara
Heinabergi 23,
Þorlákshöfn

Fyrir hönd fjölskyldunnar
Stefán Hauksson

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

Auglýst Vestmannaeyjaferð þann 24. ágúst verður felld niður vegna Covid-19.

Ferðanefndin

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

SLÁTURHÚS SELFOSSI

Störf í sláturtíð haustið 2021

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins **www.ss.is** undir „Sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins **www.ss.is**.

Breytingar á dreifingu Dagskrárinnar

Um næstu mánaðamót verða breytingar á dreifingu Dagskrárinnar. Þá verður blaðinu ekki lengur dreift inn á sunnlensk heimili. Blaðinu verður áfram dreift í verslanir og bensínstöðvar, þar sem það mun liggja frammi ásamt í blaðakassa í þéttbýliskjörnum þar sem það á við. Þá kemur blaðið eftir sem áður út í vefútgáfu vikulega sem áfram má nálgast fréttavefnum dfs.is. Dreifingarsvæðið er óbreytt og blaðið mun liggja frammi frá Þorlákshöfn austur á Kirkjubæjarklaustur ásamt í uppsveitum.

Þessi ákvörðun mótast af því að Pósturinn hefur sett blaðinu þröngar skorður varðandi dreifingarmál, en meðal annarra þátta margfaldaðist gjaldskráin í verði milli ára, ásamt því að dreifing er ekki lengur í boði fyrir þéttbýlissvæði eins og Selfoss.

Enginn bilbugur á útgáfunni þrátt fyrir mótbárur

„Það er klárt að þessar breytingar hjá Póstinum munu bitna á íbúum á Suðurlandi, og víðar um land, en aðrir héraðsfréttamiðlar eru í sömu sporum. Við munum þó eftir sem áður gefa blaðið út í prent- og vefútgáfu, koma því á alla helstu staði sem fólk sækir með hjálp ýmissa aðila. Þetta er engin nýlunda en blaðinu var áður dreift með þessum hætti svo að við þekkjum það vel. Hvað lesturinn varðar höfum við engar áhyggjur því fólk sækir bæði blaðið og vefinn eftir sem áður. Við finnum að eftir að Pósturinn hætti að dreifa á Selfossi jókst lestur vefútgáfunnar og blöðin hverfa úr blaðakössum og verslunum, en við bættum talsvert í fjölda eintaka þar. Þeir sem vilja hafa svo ávallt átt þess kost að fá blaðið sent heim gegn því að greiða sendingarkostnað Póstsins,“ segir Gunnar Páll Pálsson, ritstjóri Dagskrárinnar.

Mikilvægt að halda í héraðsmiðlana

„Við finnum það að blaðið og vefurinn skiptir gífurlega miklu máli fyrir Sunnlendinga og þökkum fyrir þann mikla lestur sem við njótum. Á síðum blaðsins fara fram skoðanaskipti um málefni líðandi stundar. Frá ýmsu er sagt sem annars yrði hvergi birt. Fréttir úr nærsamfélaginu, viðburðir, verslun, þjónusta og ekki síst atvinnuauglýsingar eru meðal þess sem má finna í hverju blaði. Það taka flestir undir það að fréttamennska í héraði er mikilvæg til þess að halda málefnum héraðsins á lofti og sýna frá og segja af því sem vel er gert. Það munum við eftir sem áður gera og standa vörð um,“ segir Gunnar að lokum.

Kaldavatnslögn í sundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Aðal vatnslögn Kaldavatnsveitu Árness fór í sundur vegna framkvæmda á miðvikudagsmorguninn 11. ágúst sl. Strax var hafist handa við viðgerð og tókst hún, samkvæmt upplýsingum blaðsins vel og henni lokið samdægurs. Samkvæmt upplýsingum urðu einhverjir vatnslausir, en safntankur dekkaði hluta af svæðinu meðan unnið var að viðgerð.

-gpp

Kjötsúpuhátíðinni á Hvolsvelli aflýst

Venju samkvæmt hefði Kjötsúpuhátíðin sem haldin er árlega á Hvolsvelli átt að fara fram. Á fundi menningarnefndar Rangárþings eystra var ákveðið að aflýsa hefðbundnum hátíðahöldum. Þó fól Menningarnefnd markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélagsins að kanna hvort möguleiki væri á að hafa einhverskonar dagskrá í streymi. „Það er vissulega afar leiðinlegt að þurfa að blása hátíðina af, en okkur þykir ástandið þannig. Við munum auðvitað leita annarra leiða til þess að létta okkur lundina og vonum að það komi eitthvað skemmtilegt út úr því. Við stefnum svo á að halda hátíðina 2022 og við hlökkum mikið til að hefja undirbúning að þeirri hátíð,“ sagði Árný Lára Karvelsdóttir í samtali við Dagskrána.

-gpp

Nýtt Nýtt Nýtt Nýtt

Pitayaskál

Pitaya bomba

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, banani, saxaðar döðlur, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero karmellusósa

1.790 kr.

Pitaya kiwi

Grunnur: Jarðaber, bláber, kiwi, hnetusmjör, karmellu, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.

Pitaya zero

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, hnetusmjör, karmellu kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.

Barnaskál

Grunnur: Jarðaber, bláber, banani, zero súkkulaðisósa

990 kr.

Pitaya banana

Grunnur: jarðaber, bláber, banani, hnetusmjör, súkkulaði dropar, hunang, hafrarjómi, zero karmellusósa

1.790 kr.

Aðeins á Selfossi

Skalli

Sá svalasti í bænum

Aðeins á Selfossi

Surtseyjarleiðangur jarðfræðinga 2021

Rannsóknaleiðangur jarðfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands til Surtseyjar var farinn 15.–18. júlí. Í leiðangrinum var unnið að landmælingum og loftmyndatöku með flygildum, mælingar gerðar á hitaútstreymi, sýni sótt og ný undirbúin vegna langtímarannsókna á borholum og ný rannsókn gerð á fótsporum manna sem hafa varðveist í móberginu í Surtsey.

Myndina tók Lovísa Ásbjörnsdóttir.

Landmælingar og þrívíddarmyndataka

Endurteknar voru landmælingar frá 2019 og loftmyndir teknar með flygildi. Mæld voru fastmerki á eyjunni, einnig flögg sem sett voru út vegna þrívíddarmyndatöku og punktar vegna rannsókna á fótsporum manna í móbergi.

Gil í austanverðum Austurbunka á Surtsey

Greinileg ummerki voru um aukið rof í Surtsey frá jarðfræðileiðangrinum árið 2019. Þar má sérstaklega nefna vatnsrof í lausri gjósku utan í austanverðum Austurbunka sem hefur núna myndað breið og djúp gil inn að móberginu.

Ágætar loftmyndir náðust af yfirborði Surtseyjar og verða þær notaðar til að útbúa nýtt þrívíddarlíkan af eynni, sambærilegt líkani frá 2019. Með nýja líkaninu verður hægt að skoða yfirborð eyjarinnar á nákvæman hátt og sjá breytingar sem orðið hafa, svo sem sjávarrof, setflutninga og fleira. Ummerki um rof voru greinileg á eyjunni, sérstaklega við hliðar austurbunkans þar sem gilin höfðu víkkað töluvert í vatnsveðrum frá síðasta leiðangri 2019.

Jarðhiti á yfirborði

Síðan 1968 hefur verið fylgst reglulega með þróun jarðhitakerfis Surtseyjar með því að mæla hitaútstreymi í sprungum sem finnast í gjóskubunkunum tveimur á eynni. Gögnin gefa áhugaverðar niðurstöður um kólnandi eldfjallaeyju og ekki er vitað til þess að sambærileg vöktun hafi verði gerð annars staðar í heiminum. Þó að útbreiðsla jarðhita í Surtsey hafi dregist saman með árunum og hitastig fari lækkandi mælist enn í dag um 80–90°C hiti á allmörgum stöðum í efri hluta gjóskubunkanna. Í leiðangrinum var mælt hitastig í þekktum sprungum með hitaútstreymi, en auk þess voru gerðar ítarlegri mælingar á minni sprungum austast í Austurbunka þar sem mælist um og yfir 80°C hiti. Hæsti hiti í Austurbunka mældist austan við vitahúsið 94,3°C en í Vesturbunka mældist hæsti hiti 94,8°C.

Sýnataka í borholum

Áhugaverðar og margbreytilegar rannsóknir eru gerðar í borholum sem boraðar voru í Surtsey árið 2017. Þær gera vísindamönnum kleift að kanna betur hvað er að gerast neðanjarðar í eynni. Hafa rannsóknirnar verið nefndar „Surtsey subsurface laboratory“.

Vatnssýni eru tekin af mismunandi dýpi til að kanna efnahvörf sem verða milli vatns og bergs við mismunandi hita og þrýsting. Einnig er fylgst með virkni og vexti örvera en áhugavert er að kanna hvers konar örverulíf þrífst þar við mjög ólífvænar aðstæður.

Safnað var vökvasýnum úr borholunum sem sett voru niður 2019 og nýjum komið fyrir. Þá var sett af stað ný tilraun þar sem kanna á útfellingar steinda í borholunum og í þeim tilgangi voru skilin eftir.

Fótspor í móbergi

Lengi hefur verið vitað um fótspor manna sem varðveist hafa í gjósku neðarlega í Austurbunka, sem eru nú orðin að greinilegu fari í móberginu. Segja má að um einskonar steingerving sé að ræða þó ekki séu sporin gömul en för lífvera er sérstök fræðigrein innan steingervingafræði. Í gegnum tíðina hafa jarðfræðingar, meira í gríni en alvöru, eignað þessi spor jarðvísindamönnum sem voru út í Surtsey á meðan gosinu stóð. Raunin er að ekki er vitað hver eða hverjir gengu í hlíðum Austurbunka í óharðnaðri gjósku á fyrstu árum Surtseyjar og koma þar allmargir til greina.

Í leiðangrinum voru nærliggjandi svæði könnuð enn frekar og kom þá í ljós að fótsporin í móberginu eru mun fleiri en áður var talið og eru þau af mismunandi stærð og lögun. Sporin voru nú í fyrsta sinn kortlögð, mæld á vísindalegan hátt og ljósmynduð. Einnig voru teknar af þeim loftmyndir með flygildi til að útbúa nákvæmt þrívíddarlíkan. Unnið verður frekar úr þessum rannsóknum veturinn 2021–2022.

Leiðangurinn var farinn í samvinnu við Surtseyjarfélagið sem hefur allt frá Surtseyjargosinu komið að skipulagningu rannsókna og útvegað aðstöðu til rannsókna í eynni. Í honum tóku þátt þau Birgir Vilhelm Óskarsson og Lovísa Ásbjörnsdóttir leiðangursstjóri frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Raúl Esperante frá Loma Linda University í Kaliforníu, Guðmundur Valsson frá Landmælingum Íslands, Hannah Bable frá Háskólanum í Bergen, Magnús Freyr Sigurkarlsson frá Umhverfisstofnun, Þorgerður Ólafsdóttir myndlistakona og Tobias B. Weisenberger frá Háskóla Íslands, Breiðdalssetri.

Landhelgisgæsla Íslands sá um að flytja leiðangursmenn út í eyju með þyrlu og Björgunarfélag Vestmannaeyja kom þeim, öllum útbúnaði og rusli til baka til Vestmannaeyja.

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er Valgerður Knútsdóttir.

Takk fyrir Greta Sverrisdóttir að bjóða mér að taka þátt.

Þar sem styttast fer í sumrinu og grillið fer ef til vill að fá smá hvíld sendi ég inn eftirfarandi uppskriftir sem eru í uppáhaldi hjá mér.

Forréttur

Bréf af ítölsku salami með kryddrönd
Lamhagasalat
Hvítmygluostur (Höfðingi, Auður eða Dalabrie)
Hvítlaussósa

Á hverja sneið af salami er er sett Lamhagasalat og ostbiti, yfir er sett hvítlaukssósa. Síðan er þessu rúllað fallega í kramarhús og sett á disk og borið fram.

Fiskiréttur með Camembertsósu

Þorskbitar eða þorskhnakki skorinn í bita og gufusoðinn, salti stráð yfir í lokin.
Hýðishrísgrjón soðin í vatni, salt og karrý sett út í vatnið.
2 box af Camembert-smurosti
Matvinnslurjómi
Grænmeti saxað smátt. t.d. gul eða rauð paprika, kúrbítur, laukur, spergilkál eða annað grænmeti sem gefur skemmtilegan lit.

Öllu grænmetinu blandað saman við grjónin og sett í eldfast mót.

Fiskurinn lagður ofan á grjónin og sósunni, sem búin er til með því að bræða smurostinn í hluta af matvinnslurjómanum, hellt yfir.

Gott að stinga í með gaffli til að láta sósuna renna ofan í hrísgrjónin.

Rifinn ostur blandaður með rifnum Mexico-osti í, settur ofan á réttinn og þetta bakað í ofni 180°C í 30 mín. eða þar til osturinn er bráðnaður og gullinn.

Eftirréttur

Súkkulaðibitafingur úr NS-bókinni frá 2004. Sérdeilis góð kaka. Gæta þess að baka hana ekki of mikið, hún á að vera mjúk í miðjunni.

5 dl hveiti
¼ tsk. matarsóti
2½ dl púðursykur
2½ dl mjúkt smjör
1 stórt egg eða 2 lítil
2 tsk. vanilludropar
2 dl saxaðar pekanhnetur
200 g saxað suðusúkkulaði

Hita ofninn í 180°C. Sigta saman hveiti og matarsótann. Þeytið púðursykurinn og smjörið í hrærivél.

Bætið egginu og vanilludropunum út í og þeytið þar til að blandan er létt og ljós. Hveitinu blandað saman við.

Setjið hnetur og súkkulaði út í með sleikju. Smyrjið ferkantað form vel með smjöri, setjið deigið í formið og sléttið úr.

Bakið í miðjum ofni í 25-30 mín. Skerið kökuna í lengjur, og njótið með kaffi eða ískaldri mjólk.

Þessa köku má baka áður en matseldin hefst.

Verði ykkur að góðu.
Valgerður Knútsdóttir.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 8.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Með hina og aðra hluti milli hafna fer ég.
Matinn ört að munni ber ég.
Meðal jólasveina er ég.

Svar við gátu í blaði 2610: **BORG**
1. Hótel **Borg** - 2. Landnámsjörð í **Borg**arfirði
3. Kletta/Hamra**borg** - 4. Skjald**borg**

TIL LEIGU

Laust strax

Gott og snyrtilegt iðnaðarbil við Hafnarskeið 9 í Þorlákshöfn, birt stærð 192,3 fm auk sameignar alls 204 fm.

Rýmið er einn stór salur, auk snyrtingar og kaffistofu sem eru í sameign hússins.

Hentar vel fyrir léttan iðnað og/eða geymslurými.

Góð innkeyrsluhurð auk inngönguhurðar.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, LÖGG. FASTEIGNASALI & LEIGUMIÐLARI Í S. 695 1095 / gyda@nyttheimili.is

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Til staðar á Suðurlandi

Þú færð tryggingaráðgjöf og þjónustu
á persónulegum nótum í útibúum okkar.

Selfoss | Austurvegur 38 | 440 2470 | sudurland@sjova.is
Vestmannaeyjar | Bárustígur 15 | 440 2480 | sudurland@sjova.is
Þorlákshöfn | Hafnarberg 1 | 897 0999 | sudurland@sjova.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skólasetning skólaárið 2021-2022

Grunnskólar Sveitarfélagsins Árborgar verða settir þriðjudaginn 24. ágúst 2021.
Skólasetning verður með óhefðbundnum hætti v/COVID-19 eins og hér segir.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Skólasetning Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fer fram í húsnæði skólans á Stokkseyri. Einn forráðamaður er heimilaður með hverjum nemanda.

Kl. 9:00 Nemendur í 2.- 6. bekk, f. 2014-2010.
Kl. 11:00 Nemendur í 7. -10. bekk, f. 2011-2006.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2015) verða boðaðir í viðtöl með umsjónarkennara.

Stekkjaskóli

Skólasetning Stekkjaskóla fer fram á frístundaheimilinu Bifröst við Vallaskóla.

Nemendur 1. bekkjar (f. 2015) verða boðaðir ásamt forráðamönnum með fyrirfram ákveðnu fundarboði á skólasetningardaginn.

Kl. 9:00 Nemendur í 2. bekk, f. 2014
Kl. 10:00 Nemendur í 3. bekk, f. 2013
Kl. 11:00 Nemendur í 4. bekk, f. 2012

Skólasetning 2.-4. bekkja fer fram á 1. hæð og er einn forráðamaður heimilaður með hverjum nemanda. Forráðamenn eru beðnir um að gæta að sóttvörnum, vera með andlitsgrímur og viðhafa 1 metra nálægðarmörk. Eftir stutta samkomu munu nemendur hitta umsjónarkennara.

Sunnulækjarskóli

Kl. 9:00 Nemendur í 2. – 4. bekk, f. 2012 – 2014.
Kl. 9:45 Nemendur í 5. – 6. bekk, f. 2010 – 2011.
Kl. 10:30 Nemendur í 7. – 8. bekk, f. 2008 – 2009.
Kl. 11:15 Nemendur í 9. –10. bekk, f. 2006 – 2007.

Gert er ráð fyrir stuttri samkomu í Fjallasal en síðan munu nemendur hitta umsjónarkennara. Vegna smitvarna er ekki mögulegt að taka á móti forráðamönnum á skólasetningu.

Nemendur 1. bekkjar (f. 2015) mæta ekki við skólasetningu að þessu sinni. Þeir verða boðaðir sérstaklega ásamt forráðamönnum til viðtals við umsjónarkennara.

Vallaskóli

Nemendur og forráðamenn í 1. bekk (f. 2015) fá sérstaka viðtalsboðun eins og tíðkast hefur.

Kl. 9:00 2. – 4. bekkur, f. 2014, 2013 og 2012.
Kl. 10:00 5. – 6. bekkur, f. 2011 og 2010.
Kl. 11:00 7. – 8. bekkur, f. 2009 og 2008.
Kl. 13:00 9. – 10. bekkur, f. 2007 og 2006

Gert er ráð fyrir stuttri samkomu í íþróttahúsi Vallaskóla en síðan munu nemendur hitta umsjónarkennara. Vegna smitvarna er ekki mögulegt að taka á móti forráðamönnum á skólasetningu.

Skólastjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla.

Skjóða

Uppskriftin að þessu sinni er að heklaðri og prjónaðri skjóðu sem hentar til dæmis vel fyrir handavinnuna. Við kynnum til leiks nýtt bómullargarn frá Gründl sem heitir Cotton Quick Batic. Sérlega mjúkt og með fallegum litaskiptum. Það fæst í mörgum fallegum litum og hægt að nota í flíkur sem og ýmsa hluti aðra.

Byrjað er á að hekla botninn, síðan er prjónað og endað á hekluðum kanti. Snúran er prjónuð.

Efni: 2 dk af Batic, heklunál, 80 sm hringprjónn og tveir sokkaprjónar no 4.

Skammstafanir:
Hekl:
umf – umferð
ll – loftlykkja
fl – fastalykkja
kl – keðjulykkja
st – stuðull
2sts - Slá upp á, sækja l í næstu fl, hekla gegnum þær (2 l á nálinni), slá aftur upp á, sækja l í næstu fl, hekla gegnum þær og þá eru 3 l á nálinni. Hekla í gegnum þær allar.
Prjón:
Sl - slétt prjón.

Botn:
Gerið fyrst 7 fl utan um töfralykkju og tengið saman með kl í fyrstu fl.
1. um: 2 ll (fyrsti stuðull), st í sama gat og síðan 2 st í hvert gata út umf. Samtals 14 st. Kl í 2. ll á fyrsta stuðlinum. (14 st)
2. umf: Eins og fyrsta umf. (28 st)
3. umf: 2 ll, st í sama gat og síðan til skiptis 1 st og 2 st. Enda á einum st og kl í 2 ll á fyrsta stuðlinum. (42 st)
4. - 13. umf: Eins og 3. umf nema stöku stuðlunum fjölgar um 1 í hverri umf. Í síðustu umf er þeir orðnir 11 og heildarfjöldi st 182.

Bolur:
Prjónið nú 1 l í hvern stuðul og prjónið síðan sl alls 23 sm.

Heklaður kantur:
1. umf: Heklið 1 fl í hverja prjónaða lykkju en í upphafi og lok umferðar er fækkað um 1 l með því að gera 1 sl í gegnum 2 l. Heildarfjöldi 180 fl.
2. umf: 2 ll og síðan til skiptis 2sts og 1 st út umf. Endið á 1 st og kl í 2. ll á fyrsta stuðlinum. Heildarfjöldi 120 st.
3. og 4. umf: 2 ll og síðan 1 st í hvern st og enda á kl í 2. ll á fyrsta stuðlinum.
5. umf: 2 ll, 4 st, 1 ll, * hoppa yfir 1 st og 1 st í næstu 11 st*. Endurtakið *-* út umf en enda á 6 st og kl í 2. ll á fyrsta stuðlinum. (10 göt).
6. umf: 2 ll og síðan 1 st í hvern stuðul og 1 st í hvert gat og síðan kl í 2. ll á fyrsta stuðlinum.
7. umf eins og 3. umf.
8. umf er síðasta umferðin og þá eru heklaðir takkar. 1 ll (fyrsta fl) og 2 fl (3 fl), 2 ll, fl í gegnum síðustu fl. Endurtakið út umf. Alls 30 takkar.
Slítið frá.

Snúra:
Fitjið upp 3 l á sokkaprjón (endinn þarf að vera um 20 sm langur fyrir frágangin) og færið þær á hinn endann á prjóninum. Prjónið lykkjurnar sl og þannig koll af kolli þar til snúran er orðin 120 sm löng. Slítið frá þannig að endinn sé um 20 sm langur.

Frágangur:
Þræðið snúruna í götin. Byrjið við upphaf umferðarinnar utanfrá og þá eru endar snúrunnar á réttunni. Þræðið hvorn bandenda í gegnum lykkjur í gagnstæðum snúruenda og hnýtið tvisvar. Þræðið síðan hvorn bandenda yfir á rönguna sinn hvoru megin við tvo stuðla í ystu röndina á botnstykkinu, beint fyrir neðan miðjuna á milli gatanna þar sem snúran kemur út. Hnýtið endana fjórum sinnum rækilega saman á röngunni.
Gangið frá öllum endum og skellið á öxlina!

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555 1314

prentmet Oddi heildarlausnir í prentun
DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

BYKO

málning

Reiknaðu út áætlaðan kostnað
í girðinguna og pallinn á BYKO.is

Lengjum sumarið

Kjörvari 12
Olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir honum góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungumyndun.
4.695
86363041-640
4 ltr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Pensill
Fyrir vatnsmálningu og lakk.
2.095
84155577

Tilboðsverð
Herregård pallaolía XO
Hágæða viðarolía með vörn gegn viðargráma og myglu og dregur úr sprungumyndun.
Glær eða gyllt
2.796
80602501/2
Almennt verð: 3.495
3.l
20%

Tilboðsverð
Broil King
Great Barbecues Every Time
Royal S310
með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við
59.996
50657513
Almennt verð: 79.995
25%
Kílóvött 8,8
Brennarar 3
Þú sparar: 19.999

NAPOLEON
25%
Tilboðsverð
Rogue R425
Hágæðagrill með 3 brennurum og 12,3 kW kraft og grillflöt 66x45 cm. Grillið er með Lift Ease™ tækni og því auðvelt að opna og hægt að vera með grillið alveg upp að vegg
74.996
506600036
Almennt verð: 99.995
Þú sparar: 24.999
Kílóvött 12,3
Brennarar 3

20% afsláttur af öllum háþrýstidælum

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is

Líflegar umræður um ryk í Hveragerði

Íbúi í Hveragerði kvartaði undan miklu ryki sem stæði af óbyggðu svæði við Austurmörkina í Hveragerði á íbúasíðu sveitarfélagsins. Aldís Hafsteinsdóttir fylgist vel með og brást snarlega við og vonaðist eftir því að framkvæmdir hæfust sem fyrst við svæðið. Hún benti jafnframt á að afþurrkun yrði líklega nauðsynleg og nokkur á framkvæmdatímanum en minni að honum loknum. Annar íbúi, áttatíu og fimm ára, sagðist þakklát fyrir hvern þann dag að geta þrifið og þvegið sjálf, því þá væri að minnsta kosti ekki heilsan að hrella. Málshefjandi ætti í raun að þakka fyrir rykið.

Lúsmýið pirrandi og Aldís beðin um lausn

Þau eru margvísleg málin sem þarf að leysa í bæjum og borgum svona yfirleitt. Öðrum íbúa bæjarins, sem er sama um rykið, spurði hvort hún nennti að slökkva á lúsmýinu því það væri pirrandi. Ekki hafa komið fram neinar upplýsingar um það hvort Aldísi takist að slökkva á mýinu en blaðið lofar að fylgja málinu eftir. *-gpp*

Sunnulækjarskóli

Vegna forfalla er staða umsjónarkennara í 3. bekk við Sunnulækjarskóla á Selfossi laus til umsóknar fyrir skólaárið 2021-2022.

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Kennsluréttindi og sérhæfing á grunnskólastigi
- Áhugi og reynsla af teymiskennslu
- Góð samskiptahæfni og góð íslenskukunnátta

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast kennslu samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda
- Umsjón með daglegu skólastarfi er varðar viðkomandi umsjónarhóp
- Er tengiliður umsjónarhóps innan skólans og við foreldra/forráðamenn
- Fylgist með velferð nemenda, hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo þeir fái notið sín sem einstaklingar
- Tekur þátt í skólaþróun í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar eru á ráðningarvef Árborgar starf.arborg.is. Sækja þarf um stöðuna á vef Árborgar, http://starf.arborg.is.

Skólastjóri

Keppnin um Pétursbikarinn fór fram í afbragðsveðri

Margir sýndu góða takta í keppninni

Blíðan lék við Sunnlendinga í síðustu viku en á þriðjudeginum 10. ágúst fór fram flugkeppni um Pétursbikarinn svo kallaða á Selfossflugvelli. Bikarinn er veittur sigurvegara í lendingakeppni, en í keppninni er markmiðið að lenda á hvítri línu sem sett er á flugbrautina, með aðal hjólum vélarinnar. Að því loknu er hægt að hefja flugtak á ný en hver vél fær fjórar lendingar sem allar eru háðar mismunandi kröfum, t.a.m. mega flugmenn ekki notast við afl mótors í tveimur lendingum og þurfa að lenda yfir hindrun í annarri sem er strekkt yfir flugbrautina.

Kúnst að snerta strikið

„Þetta er dálítil kúnst að snerta strikið með hjólum vélarinnar. Það þarf að huga að ýmsum atriðum í stjórn hennar og með lagni að snerta nákvæmlega niður á þessu þrjátíu sentímetra breiða striki. Ef menn ná ekki inn að strikinu er tvöfaldur skammtur af refsistigum, en ef menn fara of langt þá er einfaldur skammtur af refsistigum,“ segir Valur Stefánsson, dómari keppninnar. Blaðamaður fylgdist með nokkrum koma inn til lendingar á vélum sínum og óhætt er að segja að nokkrir sýndu þarna frábæra takta og snertu strikið með hjólunum og svo upp aftur.

Guðlaugur tók fyrsta sætið

Flugkappinn Guðlaugur A. Valsson hreppti fyrsta sætið á vélinni TF-MIN með alls 67 refsistig. Í öðru sæti varð Steinar Guðjónsson á TF-180 með 85 refsistig. Þá varð Óli Öder í þriðja sæti á TF-MET með 87 refsistig. „Þessar keppnir eru alltaf skemmtilegar og ágætis æfing fyrir alla flugmenn í að þekkja sínar vélar. Ég hef sjálfur reynt að taka alltaf þátt í þessum keppnum þegar ég hef kost á. Þarna keppti heldur betur einvalalið íslenskra flugmanna og keppnin heldur hörð. Flugið er svo rosalega skemmtilegt sport og þessi félagsskapur er alveg hreint upp á 28,5. Þetta var flott keppni og strákarnir í Flugklúbbi Selfoss eiga heiður skilið fyrir flotta keppni og góðar pylsur.“ *-gpp*

Guðjón sigursæll við vélina

Grjóti kastað á hraunið í Geldingadölum

Umhverfisstofnun biðlar til fólks að sýna náttúrunni meiri nærgætni þegar það fer upp að eldstöðvunum í Geldingadölum. Í tilkynningu frá stofnuninni kemur fram að fólk stígi á hraunið, kasti grjóti á það eða skilji eftir sig önnur ummerki. „Hraunið frá eldstöðvunum í Geldingadölum eru einstakar jarðminjar sem við þurfum að bera virðingu fyrir og vernda. Þar erum við líklega að verða vitni að fyrsta dyngjugosinu á Íslandi síðan land var numið. Mikilvægt er að kasta ekki grjóti á hraunið, krafsa ekki í það eða skilja eftir sig önnur ummerki. Eldhraun eru undir sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd og því er grjótkast upp á hraunið, krafs eða traðk í raun brot á þeirri vernd sem þau eiga að njóta.“ Meðfylgjandi má sjá myndir af ummerkjum sem fólk hefur skilið eftir sig, öðrum til ama.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin

Opnað hefur verið fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Hægt er að kjósa hjá sýslumönnum um land allt og í sendiráðum erlendis.

Í sameiningarkosningum eiga námsmenn sem búsettir eru á Norðurlöndunum rétt á því að vera teknir á kjörskrá en þeir þurfa að sækja sérstaklega um það hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu eyðublaði (K-101) ásamt því að skila inn staðfestingu á námsvist.

Hægt er að kjósa í sendiráðum Íslands í viðkomandi landi.

Að loknum nærri sex árum

Ari Trausti Guðmundsson

þingmaður VG.

Þingmannsferli mínum lýkur núna í haust þar eð ég sækist ekki eftir endurkjöri. Ég náði að vera eitt þing í stjórnarandstöðu og svo heilt kjörtímabil sem hluti stjórnarmeirihluta. Mjög ólíkar stöður og miklu meira gefandi að vera hluti af löggjafanum en ekki sífellt með gagnrýnisgleraugun á nefinu í aðhalds- og eftirlitsskyni. Sat í tveimur fastanefndum, einni alþjóðanefnd og svo Þingvallanefnd. Mörg þörf þingmál urðu að lögum eða þingsályktunum; nefni málaflokka samgangna, heilbrigðisþjónustu, umhverfis- og loftslags, atvinnuvega, sveitarstjórnarstigsins og utanríkissamskipta og sér í lagi það sem ég hef einna mestan áhuga á; norðurslóðamála þar sem ég var formaður íslensku norðurheimskautsþingnefndarinnar, og auðvitað loftslagsmáluna. Þróun náttúrufars á báðum heimskautasvæðunum vegur afar þungt í óvissri vegferð mannkyns. Merkileg stefnumótun fór fram, í fyrsta sinn á Alþingi, gjarnan í þverpólitískum vinnuhópum, t.d. í orkumálum, ferðamálum, landbúnaði, nýsköpun, heilbrigðismálum, náttúruvernd, norðurslóðamálum og loftslagsmálum.

Ég ver ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur sem framsækna á mörgum sviðum enda þótt sumt hafi veri látið kyrrt liggja eða ekki náðist nothæft samkomulag um. Í samsteypustjórnarlandi eru málamiðlanir lykillinn að sæmilega stöðugu, pólitísku ástandi og bættum innviðum og samfélagsþjónustu. En verandi sósíalisti tel ég margt eftir að gera til að ná nægum jöfnuði og jafnrétti til að Ísland teljist norrænt þingræðis- og velferðarríki með borgaralegt lýðræði og kapítalískt hagkerfi. Sem efnahagskerfi á kapítalisminn sér ekki bjarta framtíð frammi fyrir vaxandi ójöfnuði og loftslagsbreytingum enda byggir hann á stöðugum vexti sem ógnar þolmörkum jafnt náttúru sem samfélaganna sjálfra. Breiðara lýðræði, aukið jafnrétti og hringrásasarhagkerfi með samfélagslegri deilingu gæða er að teiknast um leið og öfgahyggja og popúlismi eflast. Næstu áratugir verða spennandi og afdrifaríkir í pólitískum skilningi.

Landsbyggðaþingmaður verður að reyna að sinna málefnum kjördæmisins en hann er líka þingmaður allra kjördæma. Það fer eftir þingmálum. Gæti nefnt mörg sérmál sem tókst að þoka í rétta átt í kjördæminu, stundum með samstiga átaki allra 10 þingmannanna, en sleppi því hér. Veit hins vegar að matarkistan og ferðasvæðið, kjördæmið allt, á ágæta framtíð í vændum, takist vel til með nýsköpun, menntunar- og búsetuskilyrði, samgöngur og skilgreiningar á þolmörkum náttúru og samfélaga á svæðinu. Sjálfbærni sem rammi stefnumótunar setur skorður við ójafnvægi og stanslausum vexti. Hefði viljað hafa rýmri tíma, sem hluti stærri þingflokks, til að ferðast oftar en varð um þetta stóra og þrískipta kjördæmi mitt. Þegar nú er kosið á ný til Alþingis tel ég að VG verði að ná að mynda kjölfestu í burðugri samsteypustjórn sem fetar áfram einstigið að ábyrgu frelsi, jafnrétti og jöfnuði.

Ég held áfram mínum störfum sem frá var horfið við kosningarnar 2016; bæti við bókum, jafnt fræðsluefni sem skáldskap, fræði fólk í fjölmiðlum og fyrirlestrum, stunda leiðsögn úti við og mín jarðvísindi eftir því sem býðst og sinni fjölskyldunni oftar en ég náði að gera meðan á þingsetunni stóð. Síðast en ekki síst kalla heimalandið og norðurslóðir á mig, svo ég tali nú ekki um borgir og ferðalönd, og þá einkum og sér í lagi fyrir okkur hjónin saman. Mitt líf hefur verið kaflaskipt alla tíð og þegar þessum merka og litríka kafla í samfélagsþjónustu er lokið taka þeir óskrifuðu við. Þakka mikið vel samskiptin við ykkur í Suðurkjördæmi í áranna rás.

Malbikunarframkvæmdir í haustblíðunni

Vegaflokkar hafa nýtt blíðuna undanfarið og lagt malbik á vegi víða um Suðurland. Meðal annars var stór hluti Biskupstungnabrautar lokaður í tvo daga í síðustu viku vegna malbikunar. Þá var Eyrarbakkavegi lokað í hálfan sólarhring meðan lögð var olíumöl á veginn. Þá var unnið að fræsingu við Ölfusárbrú. Önnur akreinin var fræst í einu en umferð á austurleið ók framhjá vinnusvæðinu en umferð á vesturleið var beint um Eyrarbakkaveg. Framkvæmdirnar gengu vel og allt fór eins og til var ætlast.

-gpp

ALMAR BAKARI
Sérbakað fyrir þig

Vantar þig vinnu í vetur?

Við leitum eftir starfskröftum í Hveragerði, Selfossi og Hellu. Unnið er 2-2-3 vaktir

Við erum 12 ára fyrirtæki með allt á hreinu, bjóðum uppá fjölbreytt starf með góðum starfsanda.

Einnig óskum við eftir verktaka í þrif í Hveragerði 5 daga vikunnar í 3-4 tíma í senn.

Hægt er að hafa samband í gegnum harpa@almarbakari.is og einnig í síma 483-1919

VELKOMIN Í HÓPINN!

Nýr og glæsilegur Ísey Skyrbar opnar hjá N1 í Hveragerði í lok ágúst. Við leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum til framtíðarstarfa til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Ráðið verður í afgreiðslu- og hlutastörf auk stöðu vaktstjóra. Unnið er á vöktum.

ALMENN AFGREIÐSLA

Helstu verkefni:
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Kröfur:
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

VAKTSTJÓRI

Helstu verkefni:
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Þjálfun starfsmanna
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

Kröfur:
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- 22 ára eða eldri

Umsóknir óskast fylltar út á N1.is undir Laus störf.
Nánari upplýsingar veita Jónína K. Kristinsdóttir, ninna@n1.is og Björn Þórarinn Birgisson, bjornb@n1.is.

ísey SKYR BAR

SUPER **TASTY** SUPER **HEALTHY** SUPER **DAIRY**

Ævintýrin gerast á Listasafni Árnesinga

Ævintýrahópur kom í Listasafn Árnesinga þann 6. ágúst með leiðbeinendum sínum. Hópurinn fékk fræðslu um sýningarnar sem nú standa yfir og unnu ýmis skemmtileg verkefni inn í sýningarrýmunum og einnig voru gerð falleg klippitextaverk.

Sýningarnar *RÓSKA*, *Yfirtaka*, *Iðustreymi* og *Hafið kemst vel af án okkar* hafa slegið í gegn og metfjöldi gesta heimsótt safnið í sumar. Nú til að mæta miklum áhuga og að vinna með skólum í Árnessýslu hefur verið ákveðið að framlengja sýningunum inn í haustið og hlakka starfsmenn listasafnsins mikið til að taka á móti fleiri hópum barna og unglinga.

Sumarsýningar Listasafns Árnesinga hafa marga snertifleti. Það streymir úr iðunni á milli sýningarsala; frá einum tíma til annars, frá einu verki til annars, frá listum til gesta.

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. júlí 2021 að auglýsa til kynningar heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar eru greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppdráttur, uppdráttur af Grímsnesafrétti og þéttbýlisuppdrættir ásamt skýringauppdráttum sem taka til vega í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands, vistgerðarkorta, verndarsvæða og minja. Kynningargögn má nálgast rafrænt á heimasíðu UTU og sveitarfélagsins.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is.

Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps hefur verið í kynningu frá 14. 7. 2021 en er nú bætt við frest til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna til og með 10. 9. 2021. Athugasemdum, ábendingum og umsögnum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Alviðra í ljósi sögunnar

Mynd: Landvernd.is

Þegar Magnús bóndi Jóhannesson gaf Landvernd og Árnessýslu jarðir sínar Alviðru og Öndverðanes II árið 1973 var haft á orði að þetta væri verðmætasta gjöf sem gefin hefði verið á Íslandi. Á þessum tíma var mikil ásókn í lóðir undir sumarhús og vafalaust hefði verið hægt að stórgræða á sölu sumhúsalóða á þessu svæði. Í gjafabréfi fyrir jörðunum var kveðið á um að eignina megi ekki skerða á neinn hátt heldur beri að varðveita hana samfellda og nýta með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Með því að treysta hinum ungu landgræðslu- og náttúruverndarsamtökum Landvernd og Árnessýslu fyrir þessum náttúruperlum kom Magnús í veg fyrir að fjáraflamenn kæmu höndum yfir jarðirnar og bútuðu þær niður með tilheyrandi raski og braski.

Fyrstu árin var hefðbundinn búskapur áfram í Alviðru og fékk Magnús allan arð af jörðunum meðan hann lifði. Aðaltekjulindin var sala á veiðileyfum í Soginu en Alviðra er vestanmegin Sogsins en Öndverðanes austanmegin.

Árið 1981 eftir lát Magnúsar var gerð skipulagsskrá fyrir eignirnar og þær gerðar að sjálfseignarstofnun undir heitinu Alviðra landgræðslu- og náttúruverndarstofnun. Stjórn stofnunarinnar skipuðu fulltrúi Landverndar og fulltrúi Árnessýslu ásamt skógræktarstjóra ríkisins. Fljótlega varð að samkomulagi að Landvernd annaðist alla umsýslu með staðnum fyrir hönd eigendanna.

Árið 1984 var samþykkt í stjórn Alviðrustofnunar að nýta jarðirnar til umhverfisfræðslu og setja þar upp náttúruskóla að norrænni fyrirmynd sem var í anda markmiða Landverndar um fræðslu. Þá var hafist handa við að gera heildarskipulag af jörðunum og ráðist í viðamiklar endurbætur á húsakosti svo hægt væri að taka á móti hópum til skemmri eða lengri dvalar. Fljótlega var svo komið upp veiðihúsi, sem áformað var að nýta til fræðslustarfsins utan veiðitímabilsins.

Landvernd tók að sér að sjá um uppbyggingu fræðslunnar enda var það í anda markmiða samtakanna, en á þessum árum var fræðsla og kynningarstarf mikilvægur þáttur í starfi Landverndar. Um það vitna fjölmargar ráðstefnur og kynningarfundir, fjölbreytt útgáfa og oft voru farnar ótroðnar slóðir og nýstárlegar við að þróa fræðslustarfið. Í Alviðru opnaðist gullið tækifæri til styrkja fræðsluna enda náttúrufar jarðanna einkar fjölbreytt og hentaði vel til útivistar og til að fá börn og fullorðna til að nema þar og njóta.

Á þessum allra fyrstu árum Alviðrustarfsins voru ýmsar hindranir sem þurfti að glíma við og leysa. Talsverður ágangur búfjár var inn á gróðursæl svæði jarðanna, þannig að girða þurfti landið - sem ekki var auðvelt því fara þurfti með girðingarefni alla leið upp á Ingólfsfjall. Iðulega þurfti að smala landið og lagfæra girðingar. Það þurfti að koma böndum á malartekju í Alviðrulandi og urðu um það talsverð átök sem m.a. leituðu inn á borð Náttúruverndarráðs og samgönguráðherra. En þrátt fyrir samkomulag um ákveðið magn og frágang tókst illa að framfylgja því eins og sjá má enn þann dag í dag. Á tímabili hafði Golfklúbbur Selfoss aðstöðu bæði í húsi og á túnum Alviðru en það þótti illa samræmast náttúruskoðun og fræðslu þar sem m.a börn voru á ferðinni og það þurfti talsvert átak til að breyta þeirri notkun.

Tekjur til framkvæmda í Alviðru komu fyrst og fremst af sölu á veiðileyfum í Soginu. Eftir á að hyggja er það hreint með ólíkindum hversu miklu var hægt að koma í verk á þessum árum. Þar munaði um öflugt starf sjálfboðaliða sem voru boðnir og búnir að taka þátt í að gera þau litlu og stóru kraftaverk sem þarna voru unnin. Stærstan hlut átti starfsfólk Landverndar og stjórnarmenn og fjölskyldur þeirra. Verkefnin voru mörg bæði skrítin og skemmtileg svo sem smölun, girðingarvinna, gróðursetningar, málningarvinna úti og inni, smíðar, gardínusaumur, tiltektir o.fl. o.fl. Aðkeypt vinna var einkum frá fólki úr héraði.

Fyrsti hópurinn kom í umhverfisfræðslusetrið í ágúst 1985. Fyrstu fimm árin voru gistinætur um 7000 eða 1350 á ári. Aðsóknin fór vaxandi árin á eftir og komst fjöldi nemenda í um 2500 á ári þegar mest var.

Því er ekki að leyna að við sem tókum þátt í uppbyggingu fræðslusetursins í Alviðru fyrstu árin áttum okkar framtíðarsýn um vöxt og viðgang staðarins. Við sáum fyrir okkur að þarna myndi umhverfisvernd, fræðsla og menningarstarf haldast í hendur og laða börn og fullorðna til þátttöku í því fjölbreytta starfi og skemmtun sem þarna yrði um hönd höfð. Fræðsla og ráðstefnur, menningarviðburðir svo sem tónleikar, listsýningar, úti og inni, leiksýningar innandyra og í útileikhúsi blandað saman við allskonar námkeið m.a. um nýtingu á gjöfum náttúrunnar í nærumhverfinu, lífræna ræktun o.fl. o.fl. Húsnæðið á staðnum væri að sjálfsögðu byggt úr umhverfisvænu byggingarefni og orkugjafarnir væru sól og vindur. Á þessum árum höfðum við óbilandi trú á að efla þyrfti fræðslu og styrkja tengsl við landið, byggja upp væntumþykju svo hægt væri að skilja mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar. Til þess var gjöf Magnúsar bónda Jóhannessonar ómetanleg. Þörfin fyrir fræðslu í umhverfismálum er ekki minni í dag en áður svo Alviðra á enn sem fyrr mikilvægu hlutverki að gegna.

Auður Sveinsdóttir var formaður Landverndar á árunum 1989 til 1997 og Svanhildur Skaftadóttir var starfsmaður Landverndar frá 1976 og framkvæmdastjóri frá 1986 til 1997.

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR
prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944
SELFOSS0@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

BYKO á Selfossi leitar að liðsauka

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum starfsfólki til liðs við okkur í verslun okkar á Selfossi. Ef þú ert framsækinn og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Við erum bæði að leita að starfsfólki í fullt starf við afgreiðslu og hlutastarf í verslun um helgar.

Við leitum að starfsfólki sem er:

- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu

Frekari upplýsingar um störfin er að finna inn á vefsíðu BYKO

Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ein best útbúna skiltagerð á landsbyggðinni auglýsir:

SB SKILTAGERÐ EHF. Í ÞORLÁKSHÖFN ÓSKAR EFTIR SKILTASTJÓRA

Á þetta við þig?

- Reynsla í stjórnun og þekkingu á rekstri.
- Samskipti við viðskiptavini, tilboðsgerð ásamt daglegum rekstri.
- Hafa góða og fjölbreytta reynslu af almennri skiltagerð og merkingum.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð á gólfi, úrræðagóður.
- Góð kunnáttu af teikniforritum.
- Íslenskukunnátta, stundvísi og snyrtimennska skilyrði.
- Góð þjónustulund.

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bokhald@sbskilti.is

SB SKILTAGERÐ

merkingar - laserskurður - fræsingar

Óseyrarbraut 16b · 815 Þorlákshöfn · Iceland
Símar +354 483 1955 og +354 899 1955
sbskilti@sbskilti.is · www.sbskilti.is

íþróttir

Senur á Selfossi

KNATTSPYRNA Selfyssingar unnu frábæran sigur á Grindavík þegar liðin mættust í 16. umferð Lengjudeildarinnar á JÁVERK-vellinum á föstudag. Veðurblíðan lék við vallargesti sem fengu einnig að horfa á frábæran knattspyrnuleik tveggja góðra liða.

Selfyssingar byrjuðu leikinn af miklum krafti en fyrsta markið kom eftir tæpar fimm mínútur. Þorsteinn Daníel Þorsteinsson sendi þá Gary Martin einan inn fyrir vörn Grindvíkinga og hann setti boltann í netið úr þröngu færi. Selfyssingar héldu áfram að sækja og annað mark kom tíu mínútum fyrir hálfleik. Emir Dokara átti þá frábæra sendingu inn fyrir vörn Grindvíkinga, líkt og áður var Gary réttur maður á réttum stað og setti boltann í markið. 2-0 þegar dómari leiksins flautaði til hálfleiks.

Jafnræði var með liðunum í upphafi síðari hálfleiks. Grindavík minnkaði muninn úr vítaspyrnu þegar tuttugu mínútur voru til leiksloka. Jöfnunarmark gestanna kom síðan á 88. mínútu leiksins.

Það leit allt út fyrir það að liðin ætluðu að

Selfyssingar fögnuðu sigurmarki Þórs innilega. Ljósmynd: Sunnlenska.is/GKS

skiptast á jafnan hlut en allt kom fyrir ekki. Í uppbótartíma skoraði Þór Llorens Þórðarson sigurmark Selfyssinga þegar hann fékk boltann á fínum stað inni í vítateig Grindavíkur, hann mundaði skotfótinn, lét til skarar skríða og boltinn endaði í fjærhorninu. 3-2 og frábær sigur Selfyssinga staðreynd.

Liðið situr í 10. sæti deildarinnar með 15 stig. Næsti leikur liðsins er á útivelli gegn toppliði Fram á morgun, fimmtudag, kl. 19:15.

-Umf. Selfoss/ahm

Lið Umf. Selfoss vann stigabikarinn.

Spennandi stigakeppni á héraðsmótinu í frjálsum

FRJÁLSAR Um 60 keppendur mættu til leiks á héraðsmót HSK í frjálsum sem haldið var á tveimur kvöldum á Selfossi í síðustu viku. Engin HSK-met féllu en mikið var um persónulegar bætingar hjá keppendum.

Sameiginlegt lið Garps og Heklu háði harða keppni við Selfyssinga um stigabikarinn. Heimamenn höfðu að lokum sigur með 266,5 stig og Garpur/Hekla varð í 2. sæti með 249,5 stig og Hrunamenn urðu í 3. sæti með með 25 stig. Selfoss sigraði kvennakeppnina örugglega með 184 stig, Garpur/Hekla varð í 2. sæti með 63 stig og Hrunamenn í 3. sæti með 25 stig. Garpur/Hekla sigraði karlakeppnina af sama öryggi, með 186,5 stig, Selfoss varð í 2. sæti með 82,5 stig og Þjótandi í 3. sæti með 9 stig.

Veigar Þór Víðisson, Garpi sigraði í fimm greinum og varð stigahæsti keppandinn í karlaflokki en í kvennaflokki var

Veigar Þór Víðisson og Fjóla Signý Hannesdóttir stigahæstu einstaklingar mótsins.

Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, stigahæst.

Á héraðsmóti er keppt um Jónsbikarinn í 5.000 m hlaupi karla. Stefán Kári Smárason, Breiðabliki, keppti sem gestur á mótinu og sigraði á tímanum 18:10,43 mín og hlaut því Jónsbikarinn að þessu sinni.

Úrslit eru á fri.is. *-HSK*

Gott stig til Selfyssinga

KNATTSPYRNA Selfoss og Þróttur gerðu 2-2 jafntefli í Pepsi Max-deildinni í seinustu viku. Leikurinn fór fram á JÁVERK-vellinum á Selfossi.

Brenna Lovera kom Selfyssingum yfir á 12. mínútu eftir langa sendingu fram frá Susanne Friedrichs. Bæði lið skiptust á að koma sér í ágætis færi í fyrri hálfleiknum en það voru Þróttarar sem náðu inn jöfnunarmarkinu með seinustu spyrnu hálfleiksins.

Brenna var ekki lengi að koma Selfyssingum yfir í síðari hálfleik með marki á 51. mínútu. Þróttarar jöfnuðu hins vegar aftur undir lok hálfleiksins og liðin urðu því að sættast á skiptan hlut.

Selfoss er í fimmta sæti með 19 stig, jafnmörg og Þróttur en sæti neðar en með slakari markatölu. Næsti leikur liðsins gegn Fylki í Árbænum í kvöld kl. 19:15.

-Umf. Selfoss

Brenna skoraði bæði mörk Selfoss. Ljósmynd: Fótbolti.net/ Arnar Helgi Magnússon.

Ragnarsmótið hafið

HANDBOLTI Hið árlega Ragnarsmót karla og kvenna fer fram frá 17. - 27. ágúst.

Það þekkja þetta allir, enda mótið haldið nú í 33. skipti. Mótið fer fram í Iðu og frítt er á alla leiki. Einnig verða útsendingar frá öllum leikjunum á SelfossTV. Allar upplýsingar um leiki og úrslit má finna á fésbókarsíðunni Selfoss handbolti.

Skráning hafin í fimleika

FIMLEIKAR Skráning í fimleika er hafin fyrir veturinn 2021–2022 í gegnum skráningar- og greiðslukerfið Nóra á slóðinni selfoss.felog.is. Skráning er opin til 30. ágúst. Tekið er við skráningu barna fædd 2017 og fyrr.

Skráning í íþróttaskólann fyrir börn 0-5 ára verður auglýst síðar.

Fyrir nánari upplýsingar á fimleikar@umfs.is.

-Umf. Selfoss/sóh

Gönguleiðin að Grænahrygg stikuð

Gönguleiðin að Grænahrygg í Friðlandi að Fjallabaki hefur nú verið merkt með stikum. Verkefnið var umfangsmikið þar sem um 8 km krefjandi gönguleið er að ræða. Landverðir skipulögðu verkefnið og fengu liðsinni frá öflugum hópi björgunarsveitarmanna frá Björgunarfélaginu Blöndu sem voru á hálendisvakt í Landmannalaugum. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar sáu um að koma stikunum niður í samstarfi við landverði.

Gönguleiðin hefst við veg F208 í nágrenni við Kýlingavatn þar sem vísir er að bílastæði. Frá bílastæðinu er gengið um Halldórsgil, upp á hæð þar sem leiðin liggur niður á áreyrar. Þaðan er svo gengið áfram upp á hæðina milli Sveinsgils og Svigagils. Eins og áður segir þá er leiðin krefjandi um 8 km löng aðra leið. Vaða þarf yfir á sem getur verið straumhörð ef fólk vill ganga alveg að hryggnum. Þá er mikilvægt að hafa meðferðis vaðskó. Svæðið er sannkölluð náttúruperla og er einstakt á heimsmælikvarða. Grænihryggur er blágræn líparítalda og er viðkvæm fyrir traðki. Því er mikilvægt að ekki sé gengið upp á hrygginn. Gönguleiðina er hægt að skoða í kortasjá Umhverfisstofnunar.

Tilgangurinn með stikun gönguleiðarinnar er að bæta öryggi gesta og einnig til að vernda náttúruna. Mælst er til þess að fólk fylgi þessari stikuðu leið til að draga úr álagi á svæðinu. Þá segir einnig í sérreglum um svæðið að ef farið er í skipulagðar hópferðir á svæðið og fjöldi fólks fer yfir 15 manns skuli haft samráð við landvörð.

Göngum vel um náttúruna og stöndum vörð um hana saman.

Guggusund / ungbarnasund

Ný námskeið fyrir 2 mánaða til 7 ára hefjast 19., 20. og 21. ágúst.

Sjá hópa í boði á selfoss.net

Skráning er hafin á guggahb@simnet.is eða í síma 848 1626.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir
íþróttakennari
Sunddeild Umf. Selfoss

Guggusund
Gaman saman í sundi

Skemmtiferð eldri borgara

Hallskot og Friðlandið í Flóa

Þriðjudaginn 24. ágúst nk. fara eldri borgarar í Árborg í heimsókn til skógræktarfélags Eyrarbakka og í Fuglafriðlandið í Flóa.

Byrjað verður í Hallskoti þar sem Ingólfur, formaður skógræktarfélagsins, tekur á móti hópnum. Starfsemi félagsins verður kynnt ásamt kennslu og leiðsögn í að planta trjám. Þaðan er gengið stuttan spöl í Friðland Fuglaverndar. Anna María, leiðsögumaður, kynnir fuglalífið og tegundir svæðisins.

Ráðlagt er að hafa meðferðis sjónauka, vatnsbrúsa og mæta klædd fyrir útivist, eftir veðri.

Skráning er hjá þjónustuveri Árborgar í síma 480 1900.
Rúta verður í boði fyrir þá sem vilja sem leggur af stað frá Ráðhúsi Árborgar kl. 13:30 og heimkoma er áætluð um kl. 19.

Kaffi og léttar veitingar verða í boði og ferðin er ókeypis.

Með fyrirvara um gildandi fjöldatakmarkanir og sóttvarnareglur.
Árborg minnir á að gæta nándarreglna. Grímur og handspritt á staðnum.

Sveitarfélagið ÁRBORG

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
vellíðan fyrir alla

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 25. september 2021

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 2021 er hafin.
Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 9:00-15:00.

Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:
- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði.
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal.
- Austurvegi 6, Hvolsvelli.
- Hörðuvöllum 1, Selfossi.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Kosning um sameiningu sveitarfélaga
Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum embættisins.

Ábyrgð á atkvæði
Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir föngum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar er mælst til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á kjörskrá í öðrum kjördæmum.

Hægt verður að kjósa víðar en á sýsluskrifstofum innan umdæmisins og verða kjörstaðir nánar auglýstir síðar á vefsíðunni www.kosning.is og í héraðsfréttablöðum en ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
13. ágúst 2021
Kristín Þórðardóttir

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.



Vöfflukaffi / Fjarkaffi
Hafdís Hrönn spjallar við gest. Laugardaginn 21. ágúst kl. 11-12. Hafdís Hrönn spjallar við Sigurð Inga Jóhannsson samgönguráðherra. Áhugasamir geta fylgst með og sent inn spurningar á facebook.com/framsoknarflokkurinn.iarborg/

ÞJÓNUSTA

Bollaspá
Spái í bolla. Uppl. í síma 866 6597.

TIL SÖLU

Blómahengi
Blómahengi til sölu. Uppl. í síma 866 6597.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Áttund
Vinsælu námskeiðin í Yoga Nidra byrja 23. ágúst kl. 17 og 25. ágúst kl. 17:15 og kl. 18:45.

Skráðu þig á heimasíðunni www.thesunflower.is.
Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

BÍLAR

Klettur ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Atvinnuhúsnæði óskast
Er að leita að skrifstofu-/atvinnurými á Selfossi. 10+ m². Þarf að hafa aðgengi að salerni. Sími 617 6461.

Húsnæði óskast
Einstaklingsherbergi/-íbúð óskast frá 1. sept til 1. des. 2021 í Hveragerði eða Selfossi. Híbýlið óskast með húsgögnum og nauðsynlegum búnaði. Vinsamlegast hafið samband birgitta@laxar.is eða í síma 860 6637 (Birgitta).

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 22. ágúst kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson.

Skálholtsdómkirkja
Messa kl. 11:00. Sr. Kristján Björnsson annast prestsþjónustuna. Organisti Jón Bjarnason.

Torfastaðakirkja
Ferming kl. 14. Sr. Kristján Björnsson annast prestsþjónustuna. Organisti Jón Bjarnason.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 21. ágúst. Lokað verður í safnaðarheimilinu á Selfossi þann 21. ágúst en sameiginleg samkoma verður í Loftsalnum í Hafnarfirði, Hólshrauni 3 og hefst kl. 11. Ræðumaður verður Louis Torres.

TUNGUMÁL

Enskukennari
Óska eftir að ráða mér enskukennara til að kenna mér ensku. Borga ótrúlega vel. Upplýsingar í síma 483 3568.

TAÐAÐ/FUNDIÐ

Peysa fannst í Gagnheiði á Selfossi. Hægt er að nálgast í afgreiðslu Prentmets Odda.

Myndina tók Sigurður Sigurbjörnsson.

576 færslur í dagbók lögreglu í liðinni viku

Að venju voru þó nokkrir stöðvaðir fyrir of hraðan akstur eða 89 ökumenn. Sá sem ók hraðast var mældur á 153 km/klst. á Suðurlandsvegi við Laugskálavörð. Þá voru 59 sem óku hraðar en 120 km/klst. þar sem hámarkshraði er leyfður 90 km/klst.

Ellefu umferðaróhöpp í vikunni

Fimm voru stöðvaðir undir áhrifum vímuefna, áfengis eða lyfja. Þá voru ellefu umferðaróhöpp eða slys. Þá var tilkynnt um fimm slys sem ótengd eru umferð. Tvær líkamsárásir voru kærðar og fimm tilkynningar um minniháttar eignaspjöll bárust.

Hálendiseftirlitið leysir fjölbreytt verkefni

Lögreglan á Suðurlandi sinnir einnig hálendiseftirliti. Lögreglumenn voru að Fjallabaki við fjölbreytt verkefni. Þar var ölvunarakstur, akstur án leyfis til fólksflutninga og ökuréttinda, útrunnin ökuréttindi og fleiri málefni.

Brýr yfir Hverfisfljót og Núpsvötn

Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og Þorvaldur Gissurarson forstjóri ÞG-verks skrifuðu undir verksamning vegna byggingar brúa yfir Hverfisfljót og Núpsvötn. ÞG Verk áttu lægsta tilboð í verkið eða 1.425 m.kr. sem var nánast sama upphæð og áætlaður verktakakostnaður. Verkinu skal að fullu lokið um miðjan nóvember á næsta ári.

Einbreiðum brúm fækkar

Báðar brýrnar leysa af hólmi einbreiðar brýr og mun því slíkum fækka um tvær á Hringveginum, sunnan Vatnajökuls, við þessa framkvæmd. Tilgangurinn með byggingunni er einmitt að fækka einbreiðum brúm og auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum en í báðum tilvikum mun umferðaröryggi aukast til muna.

Þorvaldur Gissurarson forstjóri ÞG-verks sagði við undirskriftina að framkvæmdir myndu hefjast strax í næstu eða þarnæstu viku. „Ég og mínir menn erum mjög spenntir fyrir því að fara í þetta verk.“ ÞG-verk eru einnig að smíða nýja brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi og segir Þorvaldur að það séu heilmikil samlegðaráhrif af því að vinna þessi verk saman og hagræðing af ýmsu tagi. „Þetta hentar okkur mjög vel og mun spilast vel með Sólheimasandsverkinu.“

„Það er frábært að koma þessum verkum út en við hjá Vegagerðinni erum í kappi við að koma út verkum,“ sagði Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar og bætti við að það væri fagnaðarefni að fækka einbreiðum brúm á Hringveginum og víðar þar sem umferð er mikil. Áherslan hjá Vegagerðinni væri að fækka einbreiðum brúm á stærri köflum þannig að ekki væri ein og ein slík á stangli þegar kæmi að umferðarmiklum vegum.

Við þessa framkvæmd og með brúnni á Sólheimasandi, sem var ein af þessum stöku brúm, mun einbreiðum brúm á Hringveginum fækka úr 32 í 29. Einbreiðum brúm hefur fækkað hratt síðustu ár þótt mikið átak sé enn eftir, sérstaklega á Suðausturlandi.

Um verkið

Byggð verður ný 74 m löng og tvíbreið brú yfir Hverfisfljót á Hringvegi (1), um 20 m neðan núverandi brúa. Brúin verður samverkandi stálbitabrú með steyptu gólfi í þremur höfum. Einnig er innifalin vegagerð til að tengja nýja brú við núverandi vegakerfi. Nýr vegur og ný brú verða í nýju vegstæði á 1,1 km löngum kafla og endurbyggður vegur í núverandi vegstæði á 1,1 km löngum kafla. Nýir vegir verða því um 2,1 km. Einnig verður byggður nýr áningarstaður við Hverfisfljót í stað núverandi áningarstaðar sem hverfur undir nýjan veg.

Byggð verður ný 138 m löng tvíbreið brú yfir Núpsvötn á Hringvegi (1), ofan núverandi brúarstæðis, auk tengivega við núverandi vegakerfi beggja vegna. Brúin verður eftirspennt steinsteypt brú með steyptu gólfi í fimm höfum. Nýr vegur og ný brú verða í nýju vegstæði á 1,9 km löngum kafla. Einnig verður byggður nýr áningarstaður vestan nýju brúarinnar.

Vesturbúðarfélagið fær vilyrði fyrir styrk frá Árborg

Erindi frá Vesturbúðarfélaginu á Eyrarbakka var sent til bæjarráðs þann 23. júlí sl. Í erindinu er óskað eftir stuðningi vegna fornleifarannsókna og uppgraftar á Vesturbúðarhóli. Alls var óskað eftir stuðningi að upphæð 2,5 milljónum á ári til tveggja ára. Bæjarráð samþykkti erindið og vísar því til vinnu við fjárhagsáætlun og að gert verði ráð fyrir fjárheimildum í fjárhagsáætlunum áranna 2022 og 2023.

Sameiginlegt markmið að reisa Vesturbúðarhúsin

Fram kemur í fundargerðinni að undirritaður hafi verið samstarfssamningur milli Árborgar og Vesturbúðarfélagsins. Í samningnum er kveðið á um að sameiginlegt markmið aðila samningsins sé að stuðla að því að endurbyggja Vesturbúðarhúsin í því sem næst upprunalegri mynd. Í samningnum er einnig kveðið á um að Vesturbúðarfélagið muni í samstarfi við Minjastofnun og aðra fagaðila láta vinna nauðsynlegan fornleifauppgröft á lóðinni.

Fornleifarannsóknir nauðsynlegar áður en byggt er

Í samtali við Guðmund Ármann, félaga í Vesturbúðarfélaginu kemur fram að fornleifauppgröftur sé kostnaðarsamt verkefni, en nauðsynleg forsenda fyrir því að kanna hvort hið sameiginlega markmið sé gerlegt. Þar komi fjármagn frá sveitarfélaginu sterkt inn til þess að hraða þeim rannsóknum sem kostur er. „Við höfum að auki fengið fjármagn frá Fornminjasjóði að upphæð 2,5 milljónum. Það fjármagn hefur verið fullnýtt í verkefnið. Við sjáum að til þess að geta haldið þessu áfram sé nauðsynlegt að fá frekara fjármagn frá sveitarfélaginu, sem nú hefur verið samþykkt okkur til mikillar ánægju.“ Í framhaldinu er áætlað að leita til fyrirtækja og annarra aðila til þess að koma að verkefninu og gefa þannig fleiri aðilum kost á að leggja verkefninu lið.

Mikilvæg uppbygging fyrir sveitarfélagið sem heild

Við ræðum uppbygginguna áfram við Guðmund. „Íbúar í Árborg hafa af því verulega hagsmuni að Vesturbúðin verði endurreist. Í dag er svæðið sár í hjarta byggðarinnar á Eyrarbakka en með endurbyggingu Vesturbúðarinnar mun það sár eiga möguleika á að gróa. Sögulegt mikilvægi Vesturbúðarinnar er verulegt og með endurbyggingunni mun byggingin verða eitt af djásnum Eyrarbakka og verndarsvæðis í byggð,“ segir Guðmundur. Undir þetta er tekið af bæjarráði Árborgar sem segir: „Mikilvægt er, ekki aðeins fyrir Eyrarbakka og Sveitarfélagið Árborg heldur landið allt, að glata ekki séreinkennum byggðasögu Eyrarbakka heldur styrkja þau og vernda og nota til jákvæðrar kynningar og fræðslu. Markmiðið með því að skilgreina þennan hluta þorpsins sem verndarsvæði í byggð, er ekki einungis að vernda söguna og byggingararfinn, heldur standa vonir til þess að með því aukist skilningur íbúa og bæjaryfirvalda á því hversu mikilvægur þessi menningarsögulegi arfur er, sem aftur leiði til þess að honum sé sómi sýndur. Svo það megi takast, þarf samhent átak allra sem að uppbyggingu og viðhaldi svæðisins koma.“ *-gpp*

Frá fornleifauppgreftri sem fór fram árið 2019 en Ragnheiður Gló Gylfadóttir hafði yfirumsjón með greftrinum. Grafið var niður á hús sem gekk undir nafninu Fönix og var reist árið 1734.

Að selja frá sér hugvitið

Guðbrandur Einarsson

skipar 1. sæti á lista Viðreisnar í Suðurkjördæmi

Það eru ekki margar afurðir á heimsmarkaði sem við Íslendingar getum eignað okkur. Lambakjötið okkar er oft nefnt í þessu sambandi en það er svo sem framleitt annars staðar þó að við í belgingi teljum okkur framleiða besta lambakjöt í heimi. Ein er þó afurð sem svo sannarlega er hægt að kenna við Ísland og sú afurð er íslenska skyrið. Hvergi í heiminum var að finna afurð sem var sambærileg við íslenska skyrið og maður hefði því haldið að hægt yrði að tryggja mjólkurframleiðendum betri afkomu vegna aukinna vinsælda íslenska skyrsins, en það fæst ekki séð að það hafi gerst, heldur er verið að flytja framleiðslu á þessari einstöku afurð úr landi og einhverjir aðrir en bændur njóta góðs af því.

Tölur eru sláandi

Það þarf ekki að leita lengi til þess að gera sér grein fyrir mikilli öfugþróun í þessum málum. Skv. frétt í Morgunblaðinu frá 19. september 2015 var greint frá nýjum samningi Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þar er m.a. sagt frá því að útflutningsheimildir íslenskra skyrframleiðeiðenda muni rúmlega tífaldast, fara úr 380 tonnum í 4.000 tonn með nýjum samningi.

Hver er staðan?

Hafa Íslendingar nýtt sér þessar auknu heimildir til útflutnings á skyri til hagsbóta fyrir íslenska bændur og erum við að nýta þær heimildir sem við höfum til útflutnings á vöru sem við getum svo sannarlega talið sem okkar vöru og ættum að hafa einkaleyfi á? Því fer víðs fjárri. Skv. upplýsingum frá Hagstofu hefur útflutningur á skyri verið að dragast mjög mikið saman. Frá árinu 2010 til ársins 2018 og með nýjum samningi við ESB, jókst útflutningur á skyri úr 20 tonnum í 1.422 tonn. Síðan þá hefur sigið verulega á ógæfuhliðina. Skv. tölum Hagstofu var útflutningur á skyri 922 tonn árið 2019 en ekki nema 516 tonn árið 2020. Útflutningur á skyri fer því að nálgast það sem hann var áður en samningurinn við ESB var undirritaður árið 2015.

Eru útlendingar þá ekki að borða íslenskt skyr?

Því fer hins vegar fjarri að ekki sé verið að borða íslenskt skyr í útlöndum. Skyr er að finna í verslunum í mörgum Evrópulöndum og einnig er hægt að nálgast það í Ameríku og Asíu. Hins vegar er verið að framleiða vöruna annars staðar en á Íslandi, úr erlendri mjólk. Ákveðnir aðilar hafa ákveðið að fara með vöru, sem við hefðum getað haft einkarétt á, til framleiðslu í öðrum löndum þar sem hægt er að kaupa merkt íslenskt skyr á lægra verði en við njótum hér heima á Fróni. Við getum kannski farið að flytja inn íslenskt skyr.

Heitir þetta ekki að pissa í skóinn sinn?

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýst eftir leiguhúsnæði

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir tveimur íbúðarhúsnæðum til leigu frá og með 1. september næstkomandi.

Íbúðirnar þurfa að vera staðsettar á Selfossi og vera annars vegar 4 herbergja og hins vegar 5 herbergja.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu, heidaosp@arborg.is eða Önnu Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóra í málefnum flóttamanna, anna.katarzyna@arborg.is, sími 480 1900.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Hlíðarendakot – Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lagt er til að gerð verði breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Breytingin felur í sér að landnotkun á ca 30,0 ha svæði á jörðinni Hlíðarendakot, verður breytt í annars vegar íbúðabyggð (ÍB) og hins vegar verslun og þjónustu (VÞ).

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 23. ágúst 2021 kl. 10:00 – 12:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsinguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 6. september 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Strönd 2 lóð – Deiliskipulagstillaga

Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, gesta- eða aðstöðuhúsi og geymslu. Mænishæð íbúðar-, gesta- eða aðstöðuhúss verður 5,0 m en 7,0 m fyrir geymsluhús. Hámarksbyggingarmagn er 200 m2.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 23. ágúst nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 29. september nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason,
skipulags- og byggingarfulltrúi

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2611 Miðvikudagur 18. ágúst 2021

Veggjalistakonan Þóranna vekur athygli vegfarenda

Veggjalist er ekki ný af nálinni og hefur fylgt manninum í þúsundir ára. Þó er þróun í því eins og öðru og listformið tekur á sig ýmsar myndir. Í Árborg hefur veggjalistakonan Þóranna Ýr Guðgeirsdóttir vakið athygli vegfarenda, fyrst fyrir veggjalist sína við GK bakarí og nú með nýjum myndum á Ölfusárbrú. Við hittum Þórönnu og spjölluðum um verkefnin, en fram undan er að mála stóra vegginn undir brúnni, en óhætt er að segja að hann sé fremur til óprýði eins og hann er nú.

Ákaflega stolt af þessari stúlku

Undirritaður og Þóranna Ýr höfðu mælt sér mót við brúna til að ræða um veggjalistina. Þá vildi svo vel til að þar var á ferð Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari við FSu. „Ég er ákaflega stolt af þessari stelpu og hún er farin að blómstra í veggjalistinni," segir Ágústa. Þar með var fyrstu spurningunni jafnframt svarað en Þóranna Ýr komst á bragðið með veggjalistina þegar að hún tók áfanga við FSu í veggjalist og hefur ekki litið við síðan. „Ég byrjaði á námskeiði hjá Ágústu í veggjalistinni og málaði á vegginn hjá Iðu fyrst. Eftir það var ég komin með bakteríuna," segir Þóranna brosandi.

Eitt leiðir af öðru og verkunum fjölgar

Bakaradrengirnir í GK bakaríi eru frjóir í hugsun og láta sér detta ýmislegt í hug. Fyrsti opinberi veggur Þórönnu, sem ekki var skólaverkefni, var við bakaríið og þykir hann, eins og áður sagði, hafa heppnast vel. „Það var okkur sönn ánægja að skreyta þennan vegg með þessum hætti. Aðallega fyrir þær sakir að komast í samstarf við svona frábæran listamann sem hressir upp á umhverfið fyrir okkur hin. Enn meiri gleði fylgir svo því að hún fái tækifæri til að fegra umhverfið enn frekar." segir Guðmundur í samtali við Dagskrána. Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningarsviðs Árborgar var ekki seinn á sér að grípa tækifærið sem liggur í Þórönnu. „Þetta er frábær listakona, hæfileikaríkur heimamaður sem við þurfum að nýta til góðra verka. Til dæmis eins og að hressa upp á hversdaginn með þessum hætti. Við ákváðum því að fara í samstarf við hana gagngert til þess að hressa upp á tilveruna."

Myndirnar verða til úr nærumhverfinu

Aðspurð um viðbrögð við myndunum segir Þóranna að fólk sé afar ánægt með veggina og hvetji hana áfram. „Einu spurningarnar til mín snúa að því hvort að eitthvað sé á bak við listina. Það er ekki þannig hjá mér. Fólk verður bara að horfa og njóta myndarinnar og túlka fyrir sig," segir hún og hlær. Aðspurð um innihald myndanna segir Þóranna að innblásturinn sé úr nærumhverfinu. Blaðamanni finnst blasa við að spyrja hvernig maður fari að því að gera svona verkefni, mála fríhendis á veggi, þar sem ekki er hægt að stroka út. „Það er fyrst og fremst undirbúningurinn fyrir hvert verk sem skiptir máli. Þá þarf að vanda sig því það er, eins og þú segir, ekki hægt að stroka út. Þetta er svo ákveðin tækni að skala upp myndir og passa hlutföll, en það lærði ég meðal annars hjá Ágústu í náminu. Fram undan er að mála stóra vegginn undir brúnni, sem er samkvæmt Þórönnu 27 fermetrar. „Þetta er klárlega áskorun. Nú er ég búin að hanna verkið og búin að setja þetta dálítið upp. Þetta verður skemmtilegt," segir hún að lokum, en við segjum ekki frá innihaldi verksins að sinni. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

D•H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is